

# ***Greinargerð Landsnets um hugsanlega tengimöguleika virkjanakosta***

**Viðauki 88 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/04**

***Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar***





# GREINARGERÐ LANDSNETS UM HUGSANLEGA TENGIMÖGULEIKA VIRKJANAKOSTA Í RAMMAÁÆTLUN 3



Maí 2015



## GREINARGERÐ LANDSNETS

### um hugsanlega tengimöguleika virkjanakosta í Rammaáætlun 3

27. maí 2015 / ÁJE

---

#### Aðdragandi:

Með bréfi dags. 10.09.2014, óskaði Orkustofnun eftir því að Landsnet setji með almennum hætti fram hugmyndir um hugsanlegar tengingar virkjanakosta í þriðja áfanga rammaáætlunar. Í erindinu kemur fram að Orkustofnun ætlast ekki til að um sé að ræða nákvæma útfærslu á línuleiðum fyrir einstakar virkjanir, en óskað eftir að gerð sé grein fyrir grófu mati á fjarlægð í næsta tengipunkt og spennustigi tengingar á grundvelli flutningskerfisins eins og það er í dag.

---

#### Fyrirvarar:

Vinna Landsnets við greiningu á tengimöguleikum virkjanakosta er með ýmsum fyrirvörum. Horft er á hvern virkjanakost fyrir sig og sýnt í grófum dráttum hvernig hugsanlegt væri að tengja hann við raforkuflutningskerfið.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að horft er fram hjá því að miðlæga flutningskerfið er víða fullnýtt og þarf í mörgum tilfellum að styrkja það. Um styrkingarþörf meginflutningskerfisins er hins vegar fjallað í árlegri Kerfisáætlun Landsnets.

Ekki hefur verið unnið að sérstökum rannsóknum á tengimöguleikum virkjanakosta heldur eingöngu byggt á þeim upplýsingum sem til staðar eru, en þær eru mjög mismunandi, allt frá því að vera nánast engar upp í að skipulagsmálum og umhverfismati framkvæmda viðkomandi tengingar sé lokið. Að þessu verður að gæta í öllum samanburði milli virkjanakosta.

Í öllum tilvikum er byggt á afltölum sem Orkustofnun hefur gefið upp.

*Líklegt spennustig* (flutningsvirkja) í töflunum sem fylgja þessu skjali, sýnir hvaða lágmarks spennustig þarf til að flytja umrætt afl frá hverjum virkjanakosti, en í tengipunkti í meginflutningskerfinu getur spennustig verið annað. Því getur tengingin kallað á kostnaðarsamar spennubreytingar í tengivirkjum eða jafnvel byggingu nýrra tengipunkta. Kostnaðarsamt getur verið að setja nýjan tengipunkt í stórar flutningslínur og óvíst hvort slík tenging sé hagkvæm. Ef fleiri nýjar virkjanir eru á sama svæði, þá eru frekar forsendur fyrir nýjum tengipunkti eða hærri flutningsspennu.

Einhverjir virkjanakostir í töflunum eru valkvæðir; birtir eru tveir eða þrjú möguleikar á að virkja sama vatnið, sbr. Skatastaðavirkjun, Hrafnabjargavirkjun og e.t.v. Hólmsárvirkjun efri. Því þarf flutningskerfið ekki að geta borið samanlagt afl allra tilgreindra virkjanakosta. Norðlingaölduveita og Kjalölduveita eru aflaukning núverandi virkjana frá Vatnsfelli að Búðarhálsi.

---

---

## Landsnet leggur fram eftirtalin gögn:

### **Töflur, með yfirliti um virkjanakosti, vatnsaflskosti, jarðhitakosti og vindorkukosti.**

Notaðar eru töflur Orkustofnunar, með eftirtöldum viðbótardálkum.

*Kort nr.:* Vísar í kort þar sem tenging virkjanakosts er sýnd.

*Tenging, Lengd, km:* Gefin er lengd hugsanlegrar raunhæfrar tengingar, þ.e. ekki er um beina línu að ræða.

*Staður tengingar:* Nafn tengivirkis sem miðað er við, annað hvort núverandi tengivirki, t.d. Sigalda, eða hugsanlegt nýtt tengivirki, t.d. Hrauntungur-N eða SU1-Nýtt, þ.e. nýtt tengivirki í Sultartangalínu 1.

*Líklegt spennustig:* Sýnir hvaða spennu þarf til að flytja umrætt afl (eða samanlagt afl af svæðinu).

*Tenging, Nákvæmni:* Segir til um hversu vel skilgreind tengingin er: Góð, meðal, lítil eða 0 (ef útfærsla tengingar er mjög óljós).

*Athugasemdir:* Skráðar eru ýmsar athugasemdir sem varða tengingu einstakra virkjana, eða um stöðu tengimöguleika á skipulagi eða í mati á umhverfisáhrifum.

### **Yfirlitskort sem sýnir alla virkjanakosti.**

### **Yfirlitskort sem sýnir blaðskiptingu sérkorta, sem eru númeruð frá 1 til 16.**

### **Sérkort, 16 talsins, sem sýna tengingu virkjanakosta í ákveðnum landshluta.**

*Blár depill:* Vatnsaflsvirkjun. / *Rauður depill:* Jarðvarmavirkjun. / *Grænn depill:* Vindorka - vindlundur.

Sýnt er númer virkjunarkosts, heiti og áætlað afl (skv. gögnum Rammaáætlunar 3). Í töflum er bókstaf, R, bætt framan við númer til samræmis við töflur Orkustofnunar. Vindlundir geta náð yfir nokkuð stórt svæði, depill er viðmiðun.

Litlir deplar sýna virkjanir, sem fjallað er um á öðru korti (kort skarast, sjá yfirlitskort).

*Tengimengi:* Tengimöguleikar eru sýndir í grófum dráttum með bláum sporbaugum, sem kallast „Tengimengi“, þar sem framsetningin minnir á mengjafræði. Tengingar miðast annað hvort við núverandi tengivirki, eða hugsanleg ný tengivirki í núverandi línunum eða í framtíðarlínunum.

---

## Umfjöllun um einstök kort:

### **Kort 1: Virkjanakostir í Borgarfirði**

Um er að ræða þrjár litlar virkjanir.

Reyðarvatnsvirkjun yrði tengd með 66 kV jarðstreng við Vatnshamra.

Kljáfoss og Norðurreykir annað hvort á sama hátt, eða í nýtt tengivirki í Hrutatungulínu 1 við Kljáfoss.

### **Kort 2: Hvalárvirkjun og Austurgilsvirkjun**

Virkjanirnar yrðu annað hvort tengdar til Ísafjarðar með 132 kV loftlínu (L), og hugsanlega að hluta jarðstreng (J) og/eða sæstreng (S), eða til Geiradals með loftlínu og hugsanlega að hluta jarðstreng. E.t.v. geta 66 kV dugað fyrir Austurgilsvirkjun eina.

### **Kort 3: Blöndusvæði og Vatnsdalsá**

Blönduveita felst í þremur nýjum virkjunum á veituleið Blönduvirkjunar: Kolkuvirkjun, Friðmundarvirkjun og Þramarvirkjun, samtals 31 MW. Tenging er undanþegin mati á umhverfisáhrifum og breyting á aðalskipulagi var staðfest 12. mars 2015.

Vatnsdalsá: Veruleg óvissa er um mögulega útfærslu tengingar, enda nákvæmni sögð lítil.

Hveravellir, jarðvarmi: Gæti tengst með 66 kV jarðstreng að Blöndustöð.

Blöndulundur, vindorka: Nær yfir stórt svæði, gæti tengst Blöndustöð með nokkrum 66 kV jarðstrengjum eða einum 132 kV streng.

### **Kort 4: Skagafjörður**

Villinganesvirkjun: Upphaflega (2001) var gert ráð fyrir 132 kV jarðstreng og loftlínu yfir Tyrfingsstaðabungu að byggðalínu í Norðurárdal. Miðað er við sama tengingpunkt fyrir Skatastaðavirkjun.

---

---

**Kort 5: Skjálfandafljót**

Fljótshnúksvirkjun gæti tengst að nýju tengivirki í Kröflulínu 1 í Bárðardal, eða áfram með nýrri línu að Hólasandi eða Kröflu. Annar möguleiki er að tengjast framtíðarlínu um Sprengisand. Hrafnabjargavirkjun gæti tengst á sama hátt, en síður í framtíðarlínu um Sprengisand.

**Kort 6: Norðausturland**

Alls 9 virkjanakostir, þar af 3 í vatnsafla og 6 í jarðvarma.

Hafralónsá efri og neðri: Efri virkjun tengist með 66 kV jarðstreng að neðri virkjun. Neðri virkjun þarf 132 kV tengingu, getur tengst að Kópaskeri (60 km), en þá þarf að spennuhækka Kópaskerslínu 1 í 132 kV og styrkja tengipunkt í Laxá eða að Þeistareykjum. Því gæti verið einfaldara að tengja beint að Kröflu þó að það sé lengra (100 km). Á Vopnafirði er 66 kV tenging og þarf að styrkja kerfið ef fara á þangað.

Bakkahlaup: Miðað er við 66 kV tengingu að Lindarbrekku, og áfram þaðan í Kópaskerslínu 1.

Hofsársvirkjun: Tenging til Vopnafjarðar er líklega háð því að flutningsgeta þaðan verði aukin.

Fremrinámar og Hróthálsar tengjast að Kröflu eða að nýju tengivirki í Kröflulínu 2 við Ferjuás.

Bjarnarflag tengist með jarðstreng að Kröflu. Gjástykki tengist að Þeistareykjum (væntanlegt tengivirki).

**Kort 7: Fljótsdalur og nálæg svæði**

Hraunavirkjun í Suðurdal í Fljótsdal, tenging í Fljótsdal. Hraunavirkjun til Berufjarðar, yrði líklega einnig tengd í Fljótsdal; e.t.v. er möguleiki að tengjast Teigarhornslínu 1, 132 kV, en athuga þarf flutningsgetu.

**Kort 8: Skaftárhreppur og Tungnaárvæði**

Sköflungur tengist að Sigöldu. Tungnaárlón er viðbótar miðlun í Tungnaá.

Djúpá, Núpsá, Hverfisfljót og Kaldbaksvirkjun tengjast að Prestbakka, eða í nýtt tengivirki í Prestbakkalínu 1, en líklega þarf að styrkja kerfið að Sigöldu.

Staðsetning Hverfisfljótsvirkjunar er ónákvæm.

Búlandsvirkjun og Hólmsársvirkjanir gætu tengst í nýtt tengivirki í Sigöldulínu 4 við Tólfahringa, en í tilviki Búlandsvirkjunar þarf líklega að styrkja kerfið þaðan að Sigöldu. Hólmsársvirkjun neðri gæti einnig tengst með jarðstreng að Prestbakka. Tenging þeirrar virkjunar að Tólfahringum er á aðalskipulagi.

**Kort 9: Markarfljót og Torfajökull**

Markarfljótsvirkjun A (og B) gætu e.t.v. tengst að Hvolsvelli, en þá þarf að auka flutningsgetu þaðan. Að öðrum kosti þarf að tengja þær að Búrfelli/Sultartanga.

Botnafjöll og Grashagi gætu tengst að Búrfelli/Sultartanga, en tenging að Sigöldu kæmi einnig til greina.

Sandfell gæti tengst að nýju tengivirki í Sigöldulínu 4 við Tólfahringa, athuga þarf styrk kerfisins þaðan.

Búrfellslundur, vindorka: Styst er að tengivirki við Sultartanga, en Búrfell kemur einnig til greina.

**Kort 10: Skrokkalda og Hágöngur**

Norðlingaölduveita og Kjalölduveita fela í sér aukna orkuvinnslu í núverandi virkjunum frá Vatnsfelli að Búðarhálsi.

Skrokkölduvirkjun gæti tengst að Langöldu með syðsta hluta hugsanlegrar nýrrar línu yfir Sprengisand. Jarðstrengur lægi frá Skrokkölduvirkjun að tengivirki í umræddri Sprengisandslínu. Hugsanlegt er að tengja Skrokkölduvirkjun með sérstakri tengingu niður á Tungnaárvæðið.

Hágönguvirkjun gæti tengst á svipaðan hátt, með jarðstreng að tengivirki í umræddri línu yfir Sprengisand, og með henni fengist tenging að Langöldu. Sprengisandslína er á svæðis- og aðalskipulagi, skipulagsbreyting í undirbúningi, mat á umhverfisáhrifum er hafið.

**Kort 11: Neðri-Þjórsá**

Virkjanir og tengingar þeirra eru á aðalskipulagi, mati á umhverfisáhrifum lokið. Matið er eldra en 10 ára.

Hvammsvirkjun tengist í nýju tengivirki í Búrfellslínu 1.

Holtavirkjun tengist inn í Hellulínu 1, 66 kV, eða upp að Hvammsvirkjun.

Urriðafossvirkjun tengist með jarðstreng við nýtt tengivirki í Búrfellslínu 2.

---

---

**Kort 12: Hagavatnsvirkjun, Efri-Hvítá, Gýgjarfoss, Kerlingarfjöll**

Hagavatnsvirkjun tengist líklega með 66 kV jarðstreng að Flúðum. Styttra er í hugsanlegt nýtt tengivirki í Sultartangalínu 1 vestan Hvítár, en nýtt tengivirki þar er of dýrt fyrir Hagavatnsvirkjun eina.

Sandfell: virkjun þar getur tengst á sama hátt og Hagavatnsvirkjun, t.d. með 66 kV jarðstreng að Flúðum.

Erfitt er um tengingu virkjana á svæðinu, nema með nýju tengivirki, t.d. vestan Hvítár (eða með annarri styrkingu kerfisins). Gert er ráð fyrir að aðrar virkjanir en Hagavatn og Sandfell geti tengst þar inn í Sultartangalínu 1, þ.e.a.s. Búðartungu-, Bláfells- og Gýgjarfossvirkjanir, og virkjanir í Kerlingarfjöllum.

**Kort 13: Árnæssýsla**

Seyðishólar geta tengst með 66 kV jarðstreng að Ljósafossi og Hestvirkjun að Ljósafossi/Írafossi við Sog. Selfossvirkjun tengist annað hvort beint að Ljósafossi/Írafossi með núverandi Selfosslínu 1, eða óbeint um tengivirki á Selfossi. (66 kV eru við Ljósafoss og 132 kV við Írafoss).

Brúarárvirkjun gæti tengst með 66 kV jarðstreng að Flúðum.

Annars vantar tengipunkta á svæðinu til að tengja stærri virkjanir, Búrfellsstöð kemur helst til greina. Einnig nýtt tengivirki í Búrfellslínu 1 við Hvammsvirkjun. Loks mætti e.t.v. styrkja Flúðir sem tengipunkt. Að öðru leyti er hér miðað við hugsanlegt nýtt tengivirki í Búrfellslínu 1 við Vörðufell.

**Kort 14: Hengilssvæðið**

Virkjanirnar geta annað hvort tengst að núverandi tengivirkjum hjá Kolviðarhóli eða Írafossi við Sog, eða hugsanlegum nýjum tengivirkjum, annað hvort í Búrfellslínu 2 suðaustan við Orustuhól á Hellisheiði, eða í Sogslínu 3 við Hagavík.

**Kort 15: Krýsuvíkursvæði, Trölladyngja og Brennisteinsfjöll**

Sandfell gæti tengst til suðvesturs og vesturs að Svartsengi og áfram að Njarðvíkurheiði.

Trölladyngja, Sveifluháls og Austurengjar liggja næst nýju tengivirki í Hrauntungum (eða Hamranesi). Einnig gætu þær tengst Njarðvíkurheiði á svipaðan hátt og Sandfell.

Brennisteinsfjöll: Tengingin er óvissu háð, en styst er að nýju tengivirki í Hrauntungum við Hafnarfjörð.

**Kort 16: Stóra-Sandvík – Eldvörp**

Stóra-Sandvík getur tengst að Reykjanesvirkjun.

Eldvörp geta tengst Svartsengi með jarðstreng. Tengingin er á aðalskipulagi. E.t.v. þarf að styrkja tengingu frá Svartsengi að Njarðvíkurheiði.

---



Nr. R3	Nafn virkjanakosts	Svæði	Landshluti	Áætlað afl MW	Kort nr.	Tenging Lengd, km	Staður tengingar	Líklegt spennustig	Tenging Nákvæmni	Athugasemdir varðandi staðsetningu
R3101	Kljáfossvirkjun	Hvítá í Borgarfirði	Vesturland	16	1	1 (26)	HT1-Nýtt (Vatnsh)	132 (66 J)	Góð	Nýtt tengivirki í 132 kV Hrutatungulínu 1 (eða 66 kV jarðstrengur að Vatnshömrum)
R3104	Hálavárvirkjun	Hálendi Vestfjarða - Ófeigsfjörður	Vestfirðir	55	2	77/79	Geiradalur/Ísafj.	132 LJ/LJS	Meðal	Annað hvort tengt við Geiradal / eða Ísafjörð, e.t.v. með sæstreng yfir Djúp, svipuð vegalengd
R3105	Blönduveita	3 nýjar virkjanir á veitusvæði Blöndu	Norðurland	31	3	26	Blanda	66 J	Góð	Tengt við Blöndustöð. <u>Undanþegið mati á umhverfisáhrifum, skipulagsbreytingu lokið</u>
R3107	Skatastaðavirkjun C, D	Austari-Jökulsá innst í Skagafirði	Norðurland	156, 143	4	20	Flatatunga-Nýtt	132/220	Meðal	Nýtt tengivirki við Flatatungu, auka þarf flutningsgetu þaðan
R3108	Villinganesvirkjun	Neðan árnota Au- og V-Jökulsáa,	Norðurland	33	4	2+3=5	Flatatunga-Nýtt	132 JL	Góð	Nýtt tengivirki í RA1 við Flatatungu. <u>Skipulagi frestað</u>
R3109	Fljótshnúksvirkjun	Skjálfandaflljót (hálendi)	Norðurland	58	5	67 (+41/27)	KR1-Nýtt (Krafla)	132	Lítill	Valkostur 1: Nýtt tengivirki í KR1 í Bárðardal (+41 km að Kröflu / eða +27 km að Hólсандi)
	Fljótshnúksvirkjun			58	5	12	SPR-Nýtt	132	Lítill	Valkostur 2: Nýtt tengivirki í Sprengisandslínu í Mjóadaladrögum (+52 km að byggðalínu)
R3110	Hrafnabjargavirkjun A, B, C	Skjálfandaflljót (ofan Bárðardals)	Norðurland	89, 50, 37	5	30 (+41/27)	KR1-Nýtt (Krafla)	132	Lítill	Nýtt tengivirki í KR1 í Bárðardal (+41 km að Kröflu / eða +27 km að nýju tengivirki á Hólсандi)
R3114	Djúpárvirkjun	Úr Siðujökli	Suðurland	86	8	12 (+25)	PR1-Nýtt (Prb)	132	Lítill	Að nýju tengivirki í Prestbakkaflínu 1 (+25 km að Prestbakka)
R3115	Hverfisfljótisvirkjun	Úr Siðujökli	Suðurland	42	8	32	Prestbakki	132	Lítill	Tenging að Prestbakka (staðsetning virkjunar ónákvæm)
R3119	Hólmsárvirkjun - án miðlunar	Austan Torfajökuls	Suðurland	72	8	18 (+49)	SI4-Nýtt (Sigalda)	132	0	Tenging að nýju tengivirki í Sigöldulínu 4 (+49 km að Sigöldu)
R3120	Hólmsárvirkjun - miðlun í Hólmsárlóni	Austan Torfajökuls	Suðurland	72	8	-	-	-	-	Virðist sami virkjunarstaður, sama tenging
R3121	Hólmsárvirkjun neðri	Við Atley	Suðurland	65	8	27 (37)	SI4-Nýtt (Prb)	132 L (J)	Góð	Tenging að nýju tengivirki í Sigöldulínu 4, <u>tenging er á aðalskipulagi</u> (eða jarðstr. að Prestbakka)
R3122	Markarfljótisvirkjun A	Austan Tindfjallajökuls	Suðurland	121	9	44	Hvolsvöllur	132	Lítill	Valkostur 1: Tenging að Hvolsvelli (ath. flutningsgetu þaðan)
	Markarfljótisvirkjun A	Austan Tindfjallajökuls		121	9	86	Búrfell - Sigalda	132	0	Valkostur 2: Tenging að Búrfellsstöð (eða Sultartangastöð, svipuð vegalengd)
R3123	Markarfljótisvirkjun B	Austan og norðaustan Tindfjallajöl	Suðurland	146	9	73	Búrfell - Sigalda	132	0	Valkostur 1: Tenging að Búrfellsstöð (eða Sigöldustöð/Sultartangastöð, svipuð vegalengd)
	Markarfljótisvirkjun B			146	9	57	Hvolsvöllur	132	0	Valkostur 2: Tenging að Hvolsvelli (ath. flutningsgetu þaðan)
R3124	Tungnaárlón	Tungnaá	Suðurland	-	8	-	Núverandi línur	-	-	Viðbótart miðlun fyrir virkjanir í Tungnaá og Þjórsá
R3126	Skrokkölduvirkjun	Vatnasvæði Þjórsár - Kaldakvísl	Suðurland	45	10	4 (+64)	Langalda-Nýtt	132/220 J (L)	Meðal	Jarðstrengur að tengivirki í Sprengisandslínu (+64 km kafla Sprengisandslínu að Langöldu)
R3127	Norðlingaölduveita	Vatnasvæði Þjórsár	Suðurland	-	10	-	Núverandi línur	-	-	Viðbótart orkuvinnsla í núverandi virkjunum
R3129	Hvammsvirkjun	Neðri-Þjórsá	Suðurland	93	11	1	BU1-Nýtt	220 J	Góð	Tengist Búrfellslínu 1 í nýju tengivirki. <u>A aðalskipulagi, mati á umhv.áhr. lokið, eldra en 10 ára</u>
R3130	Holtavirkjun	Neðri-Þjórsá	Suðurland	57	11	1,5+1,5	HE1	66 J	Góð	Valkostur 1: Tengt inn á Hellulínu 1, 66 kV. <u>A aðalskipulagi, mati á umhv.áhr. lokið, eldra en 10 ára</u>
	Holtavirkjun			57	11	15-20	Hvammsvirkjun-N	66/132 J	Meðal	Valkostur 2: Jarðstrengur að Hvammsvirkjun, tengist þar BÚ1 í nýju tengivirki
R3131	Urriðafossvirkjun	Neðri-Þjórsá	Suðurland	140	11	1+1	BU2-Nýtt	220 J	Góð	Tengist Búrfellslínu 2 í nýju tengivirki. <u>A aðalskipulagi, mati á umhv.áhr. lokið, eldra en 10 ára</u>
R3132	Gýgjarfossvirkjun	Jökulfall, Kjölur	Suðurland	22	12	64	SU1-Nýtt	66/132 J	Lítill	Að nýju tengivirki í Sultartangalínu 1 vestan Hvítár
R3133	Bláfellsvirkjun	Hvítá, Arn: sunnan Hvítarvatns	Suðurland	89	12	20	SU1-Nýtt	132 J	Meðal	Að nýju tengivirki í Sultartangalínu 1 vestan Hvítár
R3134	Búðartunguvirkjun	Hvítá, Arn: sunnan Fremstavers	Suðurland	27	12	7	SU1-Nýtt	66/132 J	Meðal	Að nýju tengivirki í Sultartangalínu 1 vestan Hvítár
R3135	Haukholtavirkjun	Hvítá, Arn: Haukholt í Hrunamann	Suðurland	17	13	13 (39)	Flúðir (Hvamm-N)	66/132	Lítill	Að Flúðum (eða að nýju tengivirki í BU1 við Hvammsvirkjun)
R3136	Vörðufell	Hvítá, Arn: Dæluvirkjun í Vörðufel	Suðurland	58	13	4	BU1-Nýtt	132/220	Meðal	Að nýju tengivirki í Búrfellslínu 1 austan Hvítár
R3137	Hestvirkjun	Hvítá, Arn: Við Hestfjall/-vatn í G	Suðurland	34	13	22	Ljósafofss/Írafoss	66/132 J	Meðal	Jarðstrengur að Ljósafofssi/Írafossi
R3138	Selfossvirkjun	Ólfusá	Suðurland	35	13	2+2	Selfosslína 1	66/132 J	Góð	Tengt inn á Selfosslínu 1. Gæti þurft 2 km í viðbót vegna tengivirkis á Selfossi
R3139	Hagavatnsvirkjun	Sunnan Eystri-Hagafellsjökuls (La	Suðurland	20	12	57	Flúðir	66 J	Lítill	Valkostur 1: Jarðstrengur að Flúðum. (82 km að Ljósafofssi, 93 km að Búrfelli)
	Hagavatnsvirkjun			20	12	15	SU1-Nýtt	66 J	Lítill	Valkostur 2: Jarðstrengur að nýju tengivirki í Sultartangalínu 1, vestan Hvítár
R3140	Búlandsvirkjun	Skaftá í Skaftárdal án Skaftárveitu	Suðurland	150	8	7 (+49)	SI4-Nýtt (Sigalda)	132 (220)	Meðal	Að nýju tengivirki í Sigöldulínu 4 (+49 km að Sigöldu)
R3141	Stóra-Laxá	Stóra-Laxá	Suðurland	35	13	15	Hvammsvirkjun-N	132	Lítill	Tenging við BÚ1 hjá Hvammsvirkjun. (Flúðir eru full veikir tengipunktur)
R3142	Vatnsdalsá	Norðurland vestra	Norðurland	28	3	34	Blanda	66/132	Lítill	Tenging að Blöndustöð. Einnig mætti fara að nýju tengivirki í Laxarvatnslínu 1, svipuð vegalengd
R3143	Blanda - veita úr Vestari-Jökulsá	Norðurland vestra	Norðurland	0	3	-	Blanda - núverandi línur	-	-	Viðbótart orkuvinnsla í Blönduvirkjun
R3144	Reyðarvatnsvirkjun	Grimsa Borgarfirði	Vesturland	14	1	33	Vatnshamrar	66 J	Lítill	Jarðstrengur, 66 kV, að Vatnshömrum
R3145	Norðurreykir - virkjun Hvítár	Hvítá í Borgarfirði	Vesturland	14	1	12 (+26)	HT1-Nýtt (Vatnsh)	66 J	Meðal	Að nýju tengivirki í Hrutatungulínu 1 (eða +26 km jarðstrengur að Vatnshömrum)
R3146	Hafralónsá - efra þrep	Þistilfjörður	Norðurland	15	6	(+20)	Hafralónsá neðri	66/132	0	Tengt að Hafralónsá neðri með 66 kV jarðstreng
R3147	Hafralónsá - neðra þrep	Þistilfjörður	Norðurland	78	6	60 (100)	Kópasker (Krafla)	132	0	Tengt að Kópaskeri, spennuhækka þarf KS1 (eða að Kröflu). Vopnafjörður, full veikir punktur
R3148	Hofsárvirkjun	Vopnafjörður	Austurland	39	6	36	KR2-Nýtt	66/132	Lítill	Valkostur 1: Tengt inn á Kröflulínu 2 í nýju tengivirki við Gestreiðarstaðakvísl
	Hofsárvirkjun			39	6	23	Vopnafjörður	66/132	Lítill	Valkostur 2: Tenging við Vopnafjarðarlínu 1, 66 kV, á Vopnafirði, ath. flutningsgetu hennar
R3149	Hraunavirkjun til Suðurdals, Fljótisdal	Hraun	Austurland	115	7	6	Fljótisdalur	132/220	Meðal	Tenging við Fljótisdalsstöð
R3150	Hraunavirkjun til Berufjarðar	Hraun	Austurland	126	7	36	Fljótisdalur	132/220	Lítill	Tenging við Fljótisdalsstöð (eða nýtt tengivirki í Teigarhornslínu 1, ath. flutningsgetu hennar)
R3151	Kaldbaksvirkjun (jökulþáttur Siðuvatna)	Úr Siðujökli	Suðurland	47	8	10	Prestbakki	132	Lítill	Tengilína að Prestbakka, ath. flutningsgetu þaðan
R3153	Brúarvirkjun	Biskupstungur	Suðurland	23	13	24	Flúðir	66 J	Meðal	Jarðstrengur að Flúðum
R3154	Blöndudalsvirkjun	Norðurland vestra	Norðurland	16	3	8	Blanda	66 J	Góð	Jarðstrengur að Blöndustöð
R3155	Núpsárvirkjun	Núpsvötn	Suðurland	71	8	9 (+25+77)	PR1-N (Prb-Sigal)	132/220	Lítill	Að nýju tengivirki í Prestbakkaflínu 1 (+25 km að Prestbakka, og +77 km að Sigöldu)
R3156	Kjalölduveita	Vatnasvæði Þjórsár	Suðurland	-	10	-	Núverandi línur	-	-	Viðbótart orkuvinnsla í núverandi virkjunum
R3157	Austurgilsvirkjun	Hálendi Vestfjarða	Vestfirðir	35	2	87/51	Geiradalur / Ísafj.	66/132 LJ/LJS	Meðal	Annað hvort tengt við Geiradal yfir Þorskaflararheiði / eða Ísafjörð, e.t.v. með sæstreng yfir Djúp

Nr. R3	Nafn virkjanakosts	Svæði	Landsluti	Áætlað afl MW	Kort nr.	Tenging Lengd, km	Staður tengingar	Líklegt spennustig	Tenging Nákvæmni	Athugasemdir varðandi staðsetningu
R3200B	Gjástykki	Mývatnssvæði	Norðurland	50	6	20	Þeistareykir-Nýtt	132 J	Meðal	Jarðstrengur að Þeistareykjum
R3205	Seyðishólar	Grímsnes	Suðurland	10	13	14	Ljósiðfoss	66 J	Meðal	Jarðstrengur að Ljósafossi
R3206	Sandfell, Biskupstungum	Sandfell, Biskupstungum	Suðurland	10	12	11 (32)	SU1-Nýtt (Flúðir)	66 J	Lítill	Að nýju tengivirki í Sultartangalínu 1 vestan Hvítár (eða að Flúðum), staðsetning ónákvæm
R3207	Reykjaból	Hrunamannahreppi	Suðurland	10	13	34 (12)	Hvamm-N (Flúðir)	66 J	Lítill	Að Hvammsvirkjun (eða að Flúðum), staðsetning virkjunar ónákvæm
R3208	Sköflungur	Þjórsár - Tungnaársvæði	Suðurland	90	8	15	Sigalda	132	0	Tengt að Sigöldu
R3209	Bakkahláup	Óxarfjörður	Norðurland	15	6	6	Lindarbrekka	66	Lítill	Tenging við Lindarbrekku
R3210	Botnafjöll	Jaðar Torfajökulsvæðis	Suðurland	90	9	53 (50)	Búrfelli (Sigalda)	132 J	0	Jarðstrengur að Búrfelli - Sultartanga (eða Sigöldu)
R3211	Grashagi	Jaðar Torfajökulsvæðis	Suðurland	90	9	71	Búrfelli (Sigalda)	132 J	0	Jarðstrengur að Búrfelli - Sultartanga (eða Sigöldu)
R3212	Sandfell sunnan Torfajökuls	Jaðar Torfajökulsvæðis	Suðurland	90	9	30 (+49)	SI4-Nýtt	132 J	0	Að nýju tengivirki í Sigöldulínu 4 (+49 km að Sigöldu), staðsetning virkjunar ónákvæm
R3262	Stóra-Sandvík	Reykjaneskagi	SV-land	50	16	4	Reykjanes	132 J	Meðal	Jarðstrengur að Reykjanesvirkjun
R3263	Eldvörp	Reykjaneskagi	SV-land	50	16	5	Svartsengi	132 J	Góð	Jarðstrengur að Svartsengi. <a href="#">Er á aðalskipulagi</a>
R3264	Sandfell, Krísuvík	Reykjaneskagi	SV-land	100	15	25	Njarðvíkurh.-N	132/220	Lítill	Jarðstrengur og loftlína um Svartsengi að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði
R3265	Trölladyngja	Reykjaneskagi	SV-land	100	15	20	Hamranes	132 J	Lítill	Tenging að Hrauntungum eða Hamranesi við Hafnarfjörð, lengra að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði
R3266	Sveifluháls, Krísuvík	Reykjaneskagi	SV-land	100	15	20	Hrauntungur-N	132/220	Meðal	Tenging að nýju tengivirki í Hrauntungum við Hafnarfjörð, lengra að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði
R3267	Austurengjar, Krísuvík	Reykjaneskagi	SV-land	100	15	20	Hrauntungur-N	132/220	Meðal	Tenging að nýju tengivirki í Hrauntungum við Hafnarfjörð, lengra að nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði
R3268	Brennisteinsfjöll	Reykjaneskagi	SV-land	90	15	20	Hrauntungur-N	132 J	0	Tenging gæti verið að nýju tengivirki í Hrauntungum við Hafnarfjörð, óviss útfærsla
R3269	Meitillinn	Hengilssvæði	SV-land	45	14	9	Kolviðarhöll	132 J	Meðal	Tenging að Kolviðarhöli
R3270	Gráuhnúkar	Hengilssvæði	SV-land	45	14	Gufuveita	Kolviðarhöll - núverandi línur			Gufa leidd að Hellsisheiðarvirkjun
R3271	Hverahlíð	Hengilssvæði	SV-land	90	14	Gufuveita	Kolviðarhöll - núverandi línur			Gufa leidd að Hellsisheiðarvirkjun
R3273	Innstidalur	Hengilssvæði	SV-land	45	14	4 (9)	Kolviðarhöll	132 J	Lítill	Tenging yfir Skarðsmýrarfjall (eða austur úr Innstadal og til baka að Kolviðarhöli)
R3274	Bitra	Hengilssvæði	SV-land	135	14	6 (18)	Orustuhöll-N (Íraf)	132/220	Meðal	Að nýju tengivirki við Orustuhól, austan vegþv. á Hellsisheiði (eða að Írafossi). Kolviðarhöll 11-15 km
R3275	Þverárdalur (Ölfusvatnslundur)	Hengilssvæði	SV-land	90	14	8 (15)	SO3-Nýtt (Íraf)	132/220	Lítill	Að nýju tengivirki í Sogslínu 3 við Hagavík (eða 15 km að Írafossi). Að Kolviðarhöli 18 km
R3277	Grændalur	Hengilssvæði	SV-land	120	14	12 (15)	Orustuhöll-N (Íraf)	132	Lítill	Að nýju tengivirki við Orustuhól, austan vegþverunar á Hellsisheiði (eða 15 km að Írafossi). Kolv. 18 kr
R3279	Hverabotn	Kerlingarfjöll	Hálendið	90	12	12+64	SU1-Nýtt	132/220	Lítill	Jarðstrengur að Gýgjarfossi +64 km tenging að nýju tengivirki í SU1, vestan Hvítár
R3280	Neðri-Hveradalir	Kerlingarfjöll	Hálendið	90	12	10+64	SU1-Nýtt	132/220	Lítill	Jarðstrengur að Gýgjarfossi +64 km tenging að nýju tengivirki í SU1, vestan Hvítár
R3281	Kisubotnar	Kerlingarfjöll	Hálendið	90	12	24+64	SU1-Nýtt	132/220	Lítill	Jarðstrengur að Gýgjarfossi +64 km tenging að nýju tengivirki í SU1, vestan Hvítár
R3282	Þverfell	Kerlingarfjöll	Hálendið	90	12	16+64	SU1-Nýtt	132/220	Lítill	Jarðstrengur að Gýgjarfossi +64 km tenging að nýju tengivirki í SU1, vestan Hvítár
R3283	Hveravellir	Kjölur	Hálendið	10	3	70	Blanda	66 J	Lítill	Jarðstrengur að Blöndustöð
R3291	Hágönguvirkjun	Hágöngulón við Köldukvísl	Hálendið	150	10	27 (+64)	Langalda-Nýtt	132/220 J (L)	Meðal	Jarðstrengur að tengivirki í Sprengisandslínu (+64 km þaðan að Langöldu)
R3295	Hrúthálsar	Herðubreið	Hálendið	20	6	62 (34)	Krafla (KR2-Nýtt)	66/132 J	0	Tenging að Kröflustöð (eða að nýju tengivirki í KR2). Lega tengingar óviss
R3296	Fremrinámar	Herðubreiðarfjalla	Hálendið	100	6	42 (30)	Krafla (KR2-Nýtt)	132 J	0	Tenging að Kröflustöð (eða að nýju tengivirki í KR2). Lega tengingar óviss
R3297	Þjarnarflag	Mývatnssvæði	Norðurland	90	6	10	Krafla	132 J	Góð	Jarðstrengur að Kröflustöð. <a href="#">Er á aðalskipulagi og mati á umhverfisáhrifum lokið, eldra en 10 ára</a>
R3298	Krafla II	Mývatnssvæði	Norðurland	150	6	0	Krafla	132/220	Meðal	Stækkan Kröflustöðvar

**Skýringar:**

Staður tengingar: Nýtt tengivirki auðkennt með: -Nýtt eða -N

Líklegt spennustig: Sjá Minnisblað. – L = Loftlína, J = Jarðstrengur, S = Sæstrengur

Tenging, Nákvæmni: Segir til um hversu vel skilgreind tengingin er: Góð, meðal, lítill eða 0 (ef útfærsla tengingar er mjög óljós).








# RAMMAÁÆTLUN 3

## Virkjanakostir








# RAMMAÁÆTLUN 3


## Tengimöguleikar

### Yfirlitskort - blaðskipting









Vegamótalína 1, 66 kV

Varmaland

3101: Kljáfoss í Hvítá 16 MW

3145: Norðurreykir 14 MW

Norðurá

Hvítá

Grímsá

Hrútatungulína 1, 132 kV

Flókadalur

Kleppjárnsreykir

Reykholt

Hvanneyri

Vatnshamrar

Borgarnes

Andakilsárvirkjun

Lundarreykjadalur

Andakilslína 1, 66 kV

Skorradalavatn

Vatnshamralína 1, 132 kV

Skarðsheiði

3144: Reyðarvatn 14 MW

Reyðarvatn

### Virkjanakostir

- 3101: Kljáfossvirkjun
- 3144: Reyðarvatnsvirkjun
- 3145: Norðurreykir við Hvítá


### Skýringar

- Núverandi línur
- Tenging við núverandi tengivirki
- Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

### Kort 1







**Virkjanakostir**  
 3104: Hvalárvirkjun  
 3157: Austurgilsvirkjun

**Skýringar**

- Núverandi línur
- ⬮ Tenging við núverandi tengivirki
- ⬭ Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 2**

MÆLKV.  
1:300.000  
BLÁÐSTÆRD  
A3



Drangajökull

Ófeigsfjörður

3157:  
Austurgilsvirkjun  
35 MW

3104:  
Hvalárvirkjun  
55 MW

Húnaflói

▲ Hólmavík

Drangnes

Steingrímsfjörður

Mjólkárhlína 1, 132 kV

Geiradalur

Geiradalshlína 1, 132 kV

Gilsfjörður

Breiðafjörður

Súðavík

Hestfjörður

Ísafjörður

Ísafjarðardjúp

Hnífsdalur

Ísafjörður


Breiðidalur

Breiðadalshlína 1, 66/132 kV

▲ Mjólkárstöð

Bolungarvík





Blöndulína 1, 132 kV

Blöndulína 2, 132 kV

Rangárvallalína 1, 132 kV

Varmahlíð

3154:  
Blöndudalsvirkjun  
16 MW

Blanda  
3143:  
Blanda veita úr V-Jökulsá  
0 MW

3302:  
Blöndulundur  
100 MW

3105:  
Pramarvirkjun  
12 MW

3105:  
Friðmundarvirkjun  
11 MW

3142:  
Vatnsdalsá  
28 MW

3105:  
Kolkuvirkjun  
8 MW

Blöndulón

3283:  
Hveravellir  
10 MW

Kjalvegur

Langjökull


0 10 km

- Virkjanakostir**
- 3105: Pramarvirkjun
  - 3105: Friðmundarvirkjun
  - 3105: Kolkuvirkjun
  - 3142: Vatnsdalsá
  - 3143: Blanda veita V-Jökulsá
  - 3154: Blöndudalsvirkjun
  - 3283: Hveravellir
  - 3302: Blöndulundur

- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - ▲ Núverandi tengivirki
  - △ Mögulegt tengivirki
  - ● ● Mögulegur virkjanakostir

**Kort 3**





Sauðárkrókur

Hólar í Hjaltadal

Varmahlíð

Blanda

3108:  
Villinganesvirkjun  
33 MW

3107:  
Skatastaðavirkjun  
C 156 MW, D 143 MW

Sauðárkrókslína 1, 66 kV

Héradsvörn

Blöndulína 2, 132 kV

Skagafjörður

Rangárvallalína 1, 132 kV

Rangárvellir

Eyjafljóður

Eyjafljórdalur


**Virkjanakostir**  
3107: Skatastaðavirkjun C, D  
3108: Villinganesvirkjun

- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - ▲ Núverandi tengivirki
  - △ Mögulegt tengivirki
  - ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 4**

MÆLIKV.  
1:200.000  
BLAÐSTÆRD  
A3





Eyjafjörður

Skjálfandafliót

Laxá

Hólasandur

Krafla

Akureyri  
Rangárvellir

Fjósádalur

Akureyri-Hólasandur, 220 kV

Kröflulína 1, 132 kV

Mývatn

Fliótsheiði

Bláfjallsfallgarður

Eyjafjörðardalur

Sellandafjall

3110:  
Hrafnabjargavirkjun  
A 89 MW  
B 50 MW, C 37 MW

Sprengisandslína, 220 kV

Skjálfandafliót


3109:  
Fliótsahnúksvirkjun  
58 MW

Dyngjufjöll Ytri

Dyngjufjöll

Askja

Sprengisandur



**Virkjanakostir**


- 3109: Fliótsahnúksvirkjun
- 3110: Hrafnabjargavirkjun

**Skýringar**

- Núverandi línur
- Möguleg ný lína
- Tenging við núverandi tengivirki
- ▲ Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- ▲ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 5**






- Virkjanakostir**
- 3146: Hafalónsá efri
  - 3147: Hafalónsá neðri
  - 3148: Hofsá
  - 3200: Gjástykki
  - 3209: Bakkahlaup
  - 3295: Hrúthálsar
  - 3296: Fremrinámur
  - 3297: Bjarnarflag
  - 3298: Krafla 2

- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Mögulegar nýjar línur
  - ▲ Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - ▲ Núverandi tengivirki
  - ▲ Mögulegt tengivirki
  - Mögulegur virkjanakostur

Kort 6

MELKVJ. 1:350.000  
BLASTFERD A3







**Virkjanakostir**  
3149: Hraunavirkjun til Suðurdals  
3150: Hraunavirkjun til Berufjarðar

- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Möguleg ný lína
  - Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - Núverandi tengivirki
  - Mögulegt tengivirki
  - Mögulegur virkjanakostur

**Kort 7**







3208: Sköflungur  
90 MW

3124: Tungnaárlón  
-- MW

3114: Djúpa  
86 MW

3155: Núpsá  
71 MW

3115: Hverfisfljót  
42 MW

3151: Kaldbaksvirkjun  
47 MW

- Virkjanakostir**
- 3114: Djúpárvirkjun
  - 3115: Hverfisfljót
  - 3119/20: Hólmsárvirkjun efri
  - 3121: Hólmsárvirkjun neðri
  - 3124: Tungnaárlón
  - 3140: Búlandsvirkjun
  - 3151: Kaldbaksvirkjun
  - 3155: Núpsárvirkjun
  - 3208: Sköflungur

3140: Búlandsvirkjun  
150 MW

3119 og 3120: Hólmsárvirkjun  
72 MW

Prestbakki

3121: Hólmsárvirkjun neðri  
65 MW

**Skýringar**


- Núverandi línur
- ▲ Tenging við núverandi tengivirki
- △ Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 8**

MÆLIKV.  
1:250.000  
BLÁDSTÆRÐ  
A3







**Virkjanakostir**

- 3122: Markarfljótsvirkjun A
- 3123: Markarfljótsvirkjun B
- 3210: Botnafjöll
- 3211: Grashagi
- 3212: Sandfell
- 3301: Búrfellslundur

**Skýringar**

- Núverandi línur
- Tenging við núverandi tengivirki
- Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- Núverandi tengivirki
- Mögulegt tengivirki
- Mögulegur virkjanakostur

**Kort 9**

MÆLIKV.  
1:200.000  
BLAÐSTÆRÐ  
A3





Kerlingarfjöll

Þjórsá

Þjórsá

Sprengisandslína, 220 kV

Þórisvatn

Búðarháls

Tungnaá

3156: Kjalölduveita  
-- MW

3127: Norðlingaölduveita  
-- MW

Hrauneyjafoss

Vatnsfell

Langalda

Sigalda

Sultartangi

3126:  
Skrokkölduvirkjun  
45 MW

3291:  
Hágönguvirkjun  
150 MW  
Hágöngulón

### Virkjanakostir

- 3126: Skrokkölduvirkjun
- 3127: Norðlingaölduveita
- 3156: Kjalölduveita
- 3291: Hágönguvirkjun


### Skýringar

- Núverandi línur
- Möguleg ný lína
- Tenging við núverandi tengivirki
- Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

### Kort 10

0 10 km





**Virkjanakostir**  
 3129: Hvammsvirkjun  
 3130: Holtavirkjun  
 3131: Urriðafossvirkjun


**Skýringar**

- Núverandi línur
- ⊗ Tenging við núverandi tengivirki
- ⊕ Tenging við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 11**

MÆLIKV.  
 1:100.000  
 BLÁÐSTÆRD  
 A3





Kjalvegur

Hofsjökull

Langjökull

Jökulá

3132: Gýgjarfossvirkjun  
22 MW

3282: Þverfell  
90 MW

3280: Neðri-  
Hveradalir  
90 MW

3279: Hverabotn  
90 MW

3281: Kisubotnar  
90 MW

Hvitárvatn

Bláfell

3133: Bláfellsvirkjun  
89 MW

3139: Hagavatnsvirkjun  
20 MW

Sandvatn

Hvitá

3134: Búðartunguvirkjun  
27 MW

3206: Sandfell  
10 MW

Sultartangalína 3, 220/400 kV  
Sultartangalína 1, 220 kV

Þjórsá  
Búðarháls

- Virkjanakostir**
- 3132: Gýgjarfossvirkjun
  - 3133: Bláfellsvirkjun
  - 3134: Búðartunguvirkjun
  - 3139: Hagavatnsvirkjun
  - 3206: Sandfell
  - 3279: Hverabotn
  - 3280: Neðri-Hveradalir
  - 3281: Kisubotnar
  - 3282: Þverfell


- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Möguleg ný lína
  - Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - ▲ Núverandi tengivirki
  - △ Mögulegt tengivirki
  - ● Mögulegur virkjanakostur

Kort 12

0 10 km

MÆLKV.:  
1:200.000  
BLAÐSTÆRÐ  
A3





**Virkjanakostir**


3135: Haukholtavirkjun
3136: Vörðufell
3137: Hestvirkjun
3138: Selfossvirkjun
3141: Stóra-Laxá
3153: Brúarárvirkjun
3205: Seyðishólar
3207: Reykjaból

**Skýringar**


- Núverandi línur
- Möguleg ný lína
- Tengiing við núverandi tengivirki
- Tengiing við nýtt tengivirki
- Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- △ Mögulegt tengivirki
- ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 13**

MÆLIKV.  
1:200.000  
BLAÐSTÆRÐ  
A3







**Virkjanakostir**

- 3269: Meitillinn
- 3270: Gráuhnúkar
- 3271: Hverahlíð
- 3273: Innstidalur
- 3274: Bitra
- 3275: Þverárdalur
- 3277: Grændalur

**Skýringar**


- Núverandi línur
- - - Núverandi jarðstrengur
- Mögulegar nýjar línur
- - - Framtíðar jarðstrengir
- ⚡ Núverandi tengivirki
- ⚡ (blátt) Tenging við nýtt tengivirki
- ⚡ (blátt) Tengimengi
- ▲ Núverandi tengivirki
- ▲ (blátt) Mögulegt tengivirki
- (blátt) Mögulegur virkjanakostur

**Kort 14**

MJELIKV.  
1:100.000  
BLAÐSTÆRD  
A3








- Virkjanakostir**
- 3264: Sandfell
  - 3265: Trölladyngja
  - 3266: Sveifluháls
  - 3267: Austurengjar
  - 3268: Brennisteinsfjöll

- Skýringar**
- Núverandi línur
  - Mögulegar nýjar línur
  - Tenging við núverandi tengivirki
  - Tenging við nýtt tengivirki
  - Tengimengi
  - ▲ Núverandi tengivirki
  - △ Mögulegt tengivirki
  - Mögulegur virkjanakostur

**Kort 15**





**Virkjanakostir**

3262: Stóra-Sandvík  
 3263: Eldvörp

**Skýringar**

— Núverandi línur  
 — Mögulegar nýjar línur  
 - - - Framtíðar jarðstrengir

▲ Tenging við núverandi tengivirki  
 △ Tenging við nýtt tengivirki  
 ■ Tengimengi

▲ Núverandi tengivirki  
 △ Mögulegt tengivirki  
 ● Mögulegur virkjanakostur

**Kort 16**

MÆLIKV.  
 1:100.000  
 BLÁÐSTÆRD  
 A3